

EFTIRLITSSKÝRSLA

OLÍUBIRGÐASTÖÐ OLÍUDREIFINGAR Á AKRANESI

Dagsetning	11. nóvember 2011	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf.	Starfsleyfi, gildir til	31. janúar 2018
Heimilisfang	Gelgjutanga við Kleppsmýrarveg	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660695-2069	Fulltrúar fyrirtækis	Gestur Guðjónsson Gunnlaugur Pálmason Hilmar Björnsson
Isat nr.	63.40	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N64 18,669 V22 05,637
Starfsemi	Önnur flutningamiðlun		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Akranesi, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Olíudreifing hefur í notkun skráningarblað (svokallað mánaðarblað) sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum. Skráningar í rekstrarhandbók og á mánaðarblöð voru í góðu lagi.

Frárennsli olíuskiptu var mælt með olíuprófi Macherey Nagel og stóðst frárennslið það próf. Olíuskipta (VERA-skipta) var síðast þjónustuð í október sl. Lokar í frárennsli stóðu lokaðir, en þrjú lokar eru við olíuskiptuna.

Allir geymar stöðvarinnar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2010.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Svartolíugeymar stöðvarinnar eru við fiskimjölsverksmiðju HB Granda að Hafnarbraut 3A. Fyrirhugað er að fækka geymum og snúa þannig að brim við ströndina hafi ekki áhrif á staðsetninguna. Breytingum á að vera lokið í mars 2012.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og olíuskipta. Áfyllingarplan var svo og skoðað. Girðingar og hlið voru í lagi.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik:

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit.

Athugasemdir:

Engar athugasemdir voru gerðar við stöðina.

Önnur mál:

Geymir félagsins og löndunarlögn við Sementsverksmiðjuna er í umsjón og undir eftirliti Sementsverksmiðjunnar ehf. á Akranesi.

Reykjavík, 16/11/2011

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.